

**Gjaldskrá fyrir félagslega heimaþjónustu í Hveragerði, Ölfusi,
Grímsnes- og Grafningshreppi, Bláskógabyggð og
Hrunamannahreppi**

Á grundvelli 29. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 25. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999

1. gr.

Gjöld fyrir félagslega heimaþjónustu eru tekjutengd og eru gjaldflokkarnir þrír. Ákvörðun gjaldflokks miðar við allar skattskyldar tekjur þ.m.t. fjármagnstekjur eins og þær eru samkvæmt skattframtali.

Viðmiðunartekjur í gjaldskrá eru reiknaðar út samkvæmt lífeyrirsgreiðslum Tryggingastofnunar ríkisins í janúar 2016:

Tekjumörk einstaklings á ári	Tekjumörk hjóna á ári	Gjald á klst
Undir 3.044.000	Undir 3.922.000	0
Milli 2.776.001-4.564.000	Milli 3.922.001-5.882.000	495 kr.
Yfir 4.564.001	Yfir 5.882.001	750 kr

2.gr.

Notandi heimaþjónustu greiðir fyrir þrif á heimili en önnur félagsleg heimaþjónusta þ.e. umönnunarþjónusta og félagslegur stuðningur er endurgjaldslaus.

Gjaldskráin er endurskoðuð árlega.

3.gr.

Ákvörðun um synjun á lækkun eða niðurfellingu greiðslu vegna heimaþjónustu má skjóta til úrskurðarnefndar félagsþjónustu- og húsnæðismála. Skal það gert eigi síðar en þremur mánuðum frá því að viðkomandi barst vitneskja um ákvörðun.

4. gr.

Reglur þessar eru samþykktar af velferðarnefnd þann 15. febrúar 2013 og öðlast gildi við staðfestingu bæjarstjórna/sveitarstjórna.